

Forsætisnefnd Alþingis

Reykjavík, 29. mars 2019

Undirrituð hafa mótttekið bréf frá forsætisnefnd, dags. 25.03.2019, þar sem þeim er boðið er að gera athugasemdir við grundvöll máls sem nú er til meðferðar hjá forsætisnefnd og varðar kvörtun Ásmundar Friðrikssonar um meint brot undirritaðra á siðareglum fyrir alþingismenn. Undirrituð gera ekki athugasemd við að málinu verði vísað til siðanefndar Alþingis, en vilja þó leggja áherslu á neðangreint:

Mikilvægt að við skoðun siðanefndar verði tekið tillit til þeirra reglna sem áttu að gilda þegar umrædd háttsemi alþingismannsins Ásmundar Friðrikssonar áttu sér stað. Í því ljósi vilja undirrituð að siðanefnd muni hafa til hliðsjónar þær reglur sem gilda um endurgreiðslu kostnaðar vegna aksturs þingmanna, enda varpa þær ljósi á það í hvaða samhengi umrædd ummæli voru látin falla. Því fylgir bréfi þessu afrit af 6. gr. reglna forsætisnefndar um þingfararkaup sem sýnir greinina bæði fyrir og eftir breytingu sem gerð var á reglunum árið 2018. Mikilvægt er að fyrir liggi þær reglur sem giltu um háttsemi Ásmundar Friðrikssonar þegar hún fór fram. Vegna þess að breytingar voru gerðar á greininni í kjölfar þess að málið komst upp telja undirrituð mikilvægt að halda þeim til haga.



Björn Leví Gunnarsson



Þórhildur Sunna Ævarsdóttir

- 48 6. gr.
- 49 Tilhögun á greiðslu ferðakostnaðar.
- 50
- 51
- 52 Velja skal hagkvæmasta ferðamáta þegar því verður við komið. Skrifstofan getur að undangengnu útboði eða samningum sett nánari reglur um við hvaða aðila skuli skipta, t.d. varðandi leigu akstur eða bílaleigubifreiðar.
- 53 Þegar alþingismaður ekur eigin bifreið skal greiða km-gjald samkvæmt reglum ferðakostnaðarnefndar og skal ávallt miða við stýstu leið á milli staða. Færa skal akstursbók, sem skrifstofan lætur í té, til stuðnings endurgreiðslu fyrir akstur eigin bifreiðar og tilgreina tilefni ferðar.
- 54
- 55 Þegar alþingismaður notar einkabifreið til aksturs milli staða þar sem kostur er á flugi skal hann að jafnaði fá greitt sem nemur flugfari fyrir ferðina.
- 56
- 57 Alþingismaðni er að jafnaði heimilt að fá bílaleigubifreið til afnota til fundarferða utan 15-km viðmiðunar skv. 3. gr. Skrifstofan setur nánari reglur um fyrirkomulagið.
- 58
- 59 Ef áætla má að alþingismaður þurfi í starfi sínu að aka meira en svarar 15.000 km á ári á eigin bifreið skal skrifstofan láta honum í té bílaleigubifreið til afnota, sbr. 1. mgr. Mörk hámarksaksturs á eigin bifreið geta þó komið til endurskoðunar á grundvelli verðþróunar eða útboðs, en forsætisnefnd skal samþykkja slíka breytingu. Óski alþingismaður eigi að síður að nota eigin bifreið falla greiðslur niður þegar 15.000 km-markinu er náð, svo og heimild til að nota bílaleigubíl. Alþingi greiðir allan rekstrarkostnað bílaleigubifreiðar, en skrifstofan getur sett nánari vinnureglur um hann, sbr. 10. mgr.
- 60 Þegar alþingismaður þarf að aka meira en 15.000 km á ári í starfi sínu skal hann fá til afnota bílaleigubifreið sem skrifstofa Alþingis leggur til. Viðmiðun um akstur getur verið breytileg og miðast við að hagkvæmara sé að nota bílaleigubifreið en eigin bifreið. Alþingi greiðir allan rekstrarkostnað bílaleigubifreiðar skv. þessari mgr.